

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ, kom saman fimmtudaginn 7. júní 2001. Jón Gunnar Zoëga, Gestur Jónsson og Snorri Olsen skipa dóminn.

Fyrir var tekið málið nr. 2/2001:

Heilbrigðisráð ÍSÍ

gegn

Kristni Friðrikssyni

Dóminum hefur borist áfrýjun sem stíluð er á "Íþróttadómstól ÍSÍ". Áfrýjunin er vegna dóms uppkveðnum af dómstóli sem skipaður er skv. reglugerð ÍSÍ um lyfjaeftirlit. Áfrýjunin er dagsett 28. maí 2001 og móttekin á skrifstofu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands 29. maí 2001.

Dómurinn kannaði nú hvort viðkomandi "áfrýjun" ætti undir dóminn.

Hinn áfrýjaði dómur var uppkveðinn og honum áfrýjað fyrir gildistöku laga um dómstóla Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem samþykkt voru 24. - 26. mars 2000 en tóku gildi 1. júní 2001. Við málsmeðferð áfrýjunarinnar ber því að beita fyrri lögum um dóms- og refsíákvæði fyrir ÍSÍ. Áfrýjuninni er því væntanlega beint til dómstóls ÍSÍ sem starfaði skv. 3. tl. 5 gr. dóms- og refsíákvæða fyrir ÍSÍ.

Skv. bráðabrigðaákvæði A laganna sem tóku gildi 1. júní 2001 er meginreglan sú að dómstólar ÍSÍ skulu taka yfir eldri mál sem í gangi eru fyrir dómstólum íþróttahreyfingarinnar.

Skv. 5. gr. dóms og refsíákvæða ÍSÍ var einungis hægt að skjóta úrskurðum sérsambandsdómstóla til dómstóls ÍSÍ. Að auki var skilyrði að úrslit máls hefðu almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

Hið áfrýjaða mál var rekið fyrir dómstóli sem stofnaður var með reglugerð um lyfjaeftirlit. Í II. kafla 11. tölulið reglugerðarinnar eru ákvæði um áfrýjun mála sem þar er getið. Fram kemur að áfrýjunarréttur sé til Íþróttadómstóls ÍSÍ.

Reglugerðin um lyfjaeftirlit er sett með heimild í 4. kafla 20. gr. 7. tölulið laga Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Fyrirmæli í reglugerðinni um lyfjaeftirlit um áfrýjun til dómstóls ÍSÍ geta ekki upphafið skýr ákvæði 5. gr. laga um dóms- og refsíákvæði ÍSÍ þar sem fram kemur að dómstóll ÍSÍ fjalli einungis um úrskurði sérsambandsdómstóla, sbr. og 41. gr. laga Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Lyfjaeftirlitsdómstóllinn er ekki sérsambandsdómstóll í skilningi 3. tl. 5. gr. dóms- og refsíákvæða ÍSÍ. Dómar hans verða því ekki endurskoðaðir af dómstóli ÍSÍ.

Samkvæmt þessu fær málið ekki efnislega meðferð fyrir áfrýjunardómstóli ÍSÍ.

ÚRSKURÐARORÐ

Máli þessu er vísað frá.